



# Fréttabréf Selsins

Fréttabréf janúar 2010

## Janúar mánuður

Þá er fyrsti mánuður nýja ársins liðinn og eins og alltaf hefur verið mikið fjör í Selinu. Aðstæður í Selinu hafa breyst aðeins, nú eru einungis börn í 1. og 2. bekk í Selinu en ekki börn í 1. - 4. bekk eins og verið hefur síðustu ár. 4. janúar síðastliðinn opnaði nýtt frístundaheimili í vesturbænum sem er ætlað fyrir börn í 3. og 4. bekk úr skólunum þremur í vesturbænum, Þetta nýja frístundaheimili ber nafnið

Frostheimar og er staðsett í Frostaskjóli. Þetta er frábær breyting fyrir krakkana og hlakka börnin í 2. bekk strax mikið til að fara þangað í haust.



En Selið hefur síðan tekið í notkun nýja skúrinn sem

fékk nafnið Gula-Sel og þar er í margt skemmtilegt í boði sem felur ekki mikinn ærslagang í sér. Skrifstofan okkar hefur einnig færst úr Rauða-Seli yfir í Gula-Sel. Evrópumótið átti að sjálfsgöðu hug okkar í janúar og reyndum við eftir besta megni að fylgjast með leikjunum og studdum strákana okkar með tilheyrandi hrópum og klöppum.

## Heimasíðan

[www.frostaskjol.is/selid](http://www.frostaskjol.is/selid)

Á heimasíðunni okkar [www.frostaskjol.is/selid](http://www.frostaskjol.is/selid) má finna allar helstu upplýsingar um starfið í Selinu. Þar er meðal annars búið að setja inn ýmsa áhugaverða tengla eins og barnasáttmálan, Forvarnarhúsið og Lýðheilsustöð. Ásamt

öðrum upplýsingum um börn og réttindi þeirra, öryggismál, viðburði og fleira. Það er af nógu að taka á heimasíðunni okkar og er stöðugt verið að reyna að betrumbæta og uppfæra hana. Þar er að finna fréttir af starfinu, myndir, barnametin sem

er nýr liður hjá okkur og fleiri aðra áhugaverða hluti.

Við hvetjum því alla, börn, foreldra og forráðamenn að skoða síðuna okkar reglulega.

## Gula, Rauða, Græna og Bláa Sel



Í byrjun árs tókum við í notkun nýjan skúr sem fékk nafnið Gula-Sel. Krakkarnir voru að vonum mjög spennt

fyrir þessu nýja seli og biðu spennt eftir að hann yrði í boði í valstund. Í Gula - Seli er flott legóherbergi sem hefur verið mjög vinsælt og síðan er hægt að spila, teikna og hafa það huggulegt. Búningarnir voru færðir úr Græna-Seli yfir í Rauða-Sel og hafa þar verið reglulegar leiklistaræfingar og leiksýningar hjá

krökkunum. Í Bláa-Sel hefur verið hengd upp róla í innra herbergið og hefur hún notið mikilla vinsælda með tilheyrandi snúningum og ringlun.



Kíkið á myndir og fréttir á  
[www.frotaskjol.is/selid](http://www.frotaskjol.is/selid)

## Barnamet



Enn á ný var slegið barnamet í Selinu og í þetta skiptið bjuggu krakkarnir til stærsta gogg sem sést hefur á Íslandi. Goggurinn var búinn

til úr dagblöðum sem voru límd saman og síðan búinn til þessi flott og risastóri goggur. Þetta er þriðja barnametið sem krakkarnir í Selinu slá og áfram verður



unnið í því að finna hugmyndir að fleiri metum.

## Fjörufarð



Við í Selinu nýttum okkur góða veðrið sem hefur verið í janúar og skelltum okkur í fjörufarð. Hluti 1.bekkjjar skellti sér í fjörufarð í góða veðrinu og skemmtu sér öll mjög vel. Þau skoðuðu krabba og bleyttu á sér fæturnar í sjónum ásamt því að tína ýmislegt annað skemmtilegt sem fyrir þeim varð í fjörunni. Sumir ákváðu einnig að nota góða veðrið og skella sér í sólbað.



## Á döfinni

Við erum stanslaust með höfuðið í bleyti hvað varðar barnamet og hvað við getum gert næst og það er svo sannarlega á döfinni. Bolludagurinn mikli er að renna í garð sem vekur ávallt mikla lukku hér í Selinu. Sprengidagurinn verður á sínum stað og þar á eftir verður skertur



dagur í skólanum sem þýðir lengri dagur í Selinu svo við

munum mynda gríðarlega góða stemmningu í kringum það. Í síðustu viku mánaðarins munum við halda uppi heiðri íþróttu í svokallaðri íþróttaviku og munum stunda margar skemmtilegar íþróttir alveg frá mánudegi til föstudags.

Myndir frá Selinu

